

REGLUGERÐ

um skattfrádrátt vegna iðgjalda af ólögboðnum lífeyristryggingum.

1. gr.

Við ákvörðun skattaskyldra tekna samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, enda hafi iðgjöldin sannanlega verið greidd á skattárinu. Hjá hverjum skattgreiðanda má þessi frádráttur nema allt að 10% af launum eða nettótekjum hans, þó ekki hærrí upphæð en kr. 7000.00 á ári.

Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarbæru iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrarútgjöld en telst ekki til tekna hjá launþega, enda minnkar þá réttur hans til frádráttar sem því nemur og hverfur að fullu ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár.

Nú greiðir atvinnufyrirtæki stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, og getur þá ráðherra veitt leyfi til að stofnframlagið komi til frádráttar skattskyldum tekjum fyrirtækisins, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærrí en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum. Að sjálfsögðu verður þessi heimild því aðeins veitt að fullnægt sé öllum sömu reglum og gilda um tryggingar annarra aðila og þau skilyrði uppfyllt, er reglugerð þessi setur.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ólögboðna lífeyristryggingu megi draga frá tekjum samkvæmt 1. gr. eru, að fé sjóðanna sé ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941, svo og í innlánsdeildum samkv. lögum um samvinnufélög.
4. Í skuldabréfum með veði í fasteignum, allt að 30% af brunabótamati.

3. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að sjóðirnir verji allt að 50% af árstekjum sínum, þar með talið vextir og afborganir af útistandandi skuldum, til kaupa á tilteknum skuldabréfum þeirra tegunda, sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið 2. gr.

4. gr.

Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda, sem fjármálaráðherra tilnefnir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1954.

Skúli Guðmundsson.

Kjartan Ragnars.